

Samræmdar starfsreglur vinnudeilusjóða iðnaðarmanna vegna tímabundins verkfalls í júní

- Samkvæmt reglum vinnudeilusjóðs skal greitt kr. 150.000 á mánuði, sem er 6.922 fyrir hvern verkfallsdag.
- Rétt til verkfallsbóta eiga allir félagsmenn sem eru á kjörskrá og verða fyrir launatapi vegna vinnustöðvunar eða verkbanns.

Samræmdar starfsreglur vinnudeilusjóða iðnaðarmanna vegna ótímabundins verkfalls í ágúst

- Samkvæmt reglum vinnudeilusjóðs skal greitt kr. 150.000 á mánuði, sem er 6.922 fyrir hvern verkfallsdag.
-
- Heimilt er félagsmönnum að sækja um styrk úr sjóðnum, er vinnustöðvun eða verkbann hefur staðið yfir í 8 daga.
- Rétt til verkfallsbóta eiga allir félagsmenn sem eru á kjörskrá og verða fyrir launatapi vegna vinnustöðvunar eða verkbanns.
- Eingöngu verður úthlutað fyrir viku í senn samkvæmt umsókn á þar til gerðu rafrænu eyðublaði á vefsvæði sjóðanna.
- Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að úthluta úr sjóðnum í sérstökum tilvikum í og eftir að verkfalli er lokið.
- Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að ákvarða upphæð styrkja hverju sinni eftir stöðu sjóðsins.
- Sé tekin ákvörðun um frestun verkfalls hjá einstökum félögum er heimilt að styrkja vinnudeilusjóði þeirra félaga sem eru í vinnustöðvun.
- Þannig samþykkt í trúnaðarráði Byggingar þann 12. maí 2015